

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum borgarráðs hefur lögreglustjórinn í Reykjavík ákveðið eftirfarandi breytingar á umferð í Reykjavík:

1. Í Lækjargötu, á kafla sem hefst um 50 metra norðan við gatnamót Hafnarstrætis til suðurs að gatnamótum Austurstrætis, skal hægri akrein vera sérakrein fyrir almenningsvagna og leigubifreiðar. Einnig skal hægri akrein til norðurs í Lækjargötu, milli Bókhöðustígs og Bankastrætis, vera sérakrein fyrir almenningsvagna og leigubifreiðar. Ákvörðun þessi er táknuð með umferðarmerkinu G04.21.
2. Á Miklubraut, frá aðrein að bensinstöð austan Kringlumýrarbrautar að stað um 150 metra vestan Stakkahlíðar, skal vera sérakrein lengst til hægri, ætluð almenningsvögnum. Ákvörðunin er táknuð með umferðarmerkinu G04.21.
3. Bannað er að leggja ökutækjum við götur á bílastæði við Laugardalsvöll. Bannið er táknað með umferðarmerkinu B21.11.

Ákvarðanir þessar taka gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 19. september 2005.

Ingimundur Einarsson varalögreglustjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á svæðisskipulagi Héraðssvæðis 1998-2010.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 16. september 2005 staðfest breytingu á svæðisskipulagi Héraðssvæðis 1998-2010, frá 31. ágúst 2001.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Nýtt hverfisverndarsvæði er skilgreint í hlíðum Njarðvíkur.
- Afmörkuð eru 9 ný efnistökusvæði: Vatnsskarð, Innri-Hvannagilsá, Njarðvíkurá, Hvoll, Grjótá, við Fjarðará, Þverá, Stóra og Nesmelar.
- Mörk landbúnaðarsvæðis og óbyggðs svæðis miðast við 200 m.y.s. í stað 300 m.y.s. auk þess sem svæði neðan 200 m.y.s. á Víkum verður landbúnaðarsvæði en var áður skilgreint sem óbyggð svæði.
- Tvö ný svæði eru skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði í dreifbýli, í Breiðuvík og Húsavík.
- Gert er ráð fyrir nýjum jeppaslóða milli Sævarenda í Loðmundarfirði að Brimnesvita í Seyðisfirði.

Upplýtturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Borgarfjarðarhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 16. september 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu framkvæmdaráðs Reykjavíkurborgar hefur lögreglustjórinn í Reykjavík ákveðið að banna akstur vöru- og hópbifreiða norður Suðurgötu, frá Skothúsvegi að Vonarstræti.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 19. september 2005.

Ingimundur Einarsson varalögreglustjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994-2014, Brúarland og Leifsstaðir.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 16. september 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994-2014, frá 26. mars 1997.

Breytingin felst í því að svæði sunnanvert í landi Brúarlands og ofan við Leifsstaðaveg sem skilgreint er sem opið svæði til sérstakra nota breytist í íbúðarsvæði og 1,13 ha svæði ofan við Leifsstaðaveg og vestan við núverandi íbúðarsvæði sem skilgreint er sem sumarhúsasvæði breytist í íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 16. september 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.